

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir
Sími: 464 4343, 866 0311
Netfang: myflugan@emax.is

6. tbl. 7. árg. miðvikudaginn 11. jan. 2015

Afmælisbörn dagana 12. feb. — 18. feb. 2015

13. Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir.
15. Sigurður Baldursson.
16. Arna Hjörleifsdóttir, Karl Emil Sveinsson,
Þorgerður Egilsdóttir.
18. Gunnar Heimir Hólmgeirsson
Gunnar Bragi Einarsson, Ívar Helgi Einarsson.



**Tónleikar í Reykjahlíðarkirkju
laugardaginn 14. febrúar klukkan 20:00.**

Svavar Knútur

og

Menningarfélagið Gjallandi

Kynna:

Einstaka kvöldstund,
hljómur kirkjunnar og flutningur Svavars
mun leggja grunn að góðu kveldi.
Miðaverð 2.000 krónur – verðum ekki með posa.

www.gjallandi.is
www.svavarknutur.com

SAUMANÁMSKEIÐ.

Langar þig til að læra grunninn
í saumaskap og sníðagerð?

Frekari upplýsingar og skráning
í bemonroe@bemonroe.com
eða í síma 650 8844, Bergrún Ósk



Frá Íþróttamiðstöð

Vegna þorrablóts í grunnskólanum munum við loka
íþróttamiðstöðinni kl. 19:00 fimmtudaginn 12. febrúar.

Kveðja, starfsfólk



Aðalfundur Mývetnings, Íþróttta- og ungmennafélags verður haldinn 1. mars kl. 15:00 í Skjólbrekku.

Venjulega aðalfundarstörf.
Veitt verður viðurkenning fyrir frábæran árangur á síðasta ári.
Boðið verður upp á veitingar að fundi loknum.

Stjórn Mývetnings,
Ólöf Þuríður, Soffía, Bjóssi, Hrefna og Jón Óskar.



Frá Skútustaðahreppi

Lausar eru til umsóknar stöður við Íþróttamiðstöð og sundlaug Skútustaðahrepps fyrir sumarið 2015. Starfið felst í eftirliti með öryggi gesta, umsjón með hreinlæti, þjónustu og leiðbeiningum og þrifum á umhverfi laugarinnar.

Hæfniskröfur: Reynir á samskiptahæfni, þjónustulund og tungumálakunnáttu. Starfsmaðurinn þarf að standast hæfnispróf sundstaða, vera stundvís og geta unnið undir álagi. Starfsmaðurinn þarf að lágmarki að hafa náð 18 ára aldri.

Frekari upplýsingar gefur sveitarstjóri og forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar. Umsóknir skulu berast skrifstofu Skútustaðahrepps fyrir 1. mars n.k.

Forstöðumaður ÍMS.

Mýflugan

Auglýsendur og lesendur ath!

Engin Mýfluga kemur út miðvikudagana 25. feb. og 4. mars.
Næsta Mýfluga þar á eftir kemur út miðvikudaginn 11. mars.
Skilafrestur auglýsinga er kl. 14:00 þriðjudaginn 10. mars.

Mýflugan kemur út næsta miðvikudag,
18. febrúar eins og venjulega.

Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

Kveðja, Hrafnhildur.



Skútustaðahreppur

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 12. nóvember 2014 að auglýsa eftirfarandi tillögu að deiliskipulagi og samsvarandi tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 skv. 1. mgr. 41. gr. og 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

Deiliskipulag ferðaþjónustusvæðis á Geiteyjarströnd 1.

Skipulagssvæðið er staðsett austan Mývatns og er það í eigu Geiteyjarstrandar 1 í Skútustaðahreppi. Svæðið er um 4, 2 ha að stærð, að mestu lítt eða hálf uppgróið hraun og að mestu leyti utan verndarsvæðis Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu sbr. lög nr 97/2004 og reglugerð nr. 665/2012. Á jörðinni hefur um nokkurra ára skeið verið rekin ferðaþjónusta og skv. tillögunni er stefnt að byggingu þriggja nýrra íbúðar- og ferðaþjónustuhúsa auk tólf lítilla gistiskála alls um 1.500 m² að stærð. Engar nýjar byggingar verða innan verndarsvæðisins og einungis verður um akfæra göngustíga að ræða innan þess.

Breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023.

Samhliða ofangreindri deiliskipulagstillögu er auglýst tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Breytingin er gerð til samræmis við auglýsta deiliskipulagstillögu og nær til landnotkunarreits **352-O/V** sem stækkar skv. tillögunni úr 1,6 ha í 4,2 ha.

Tillöguuppdrættir með greinargerðum munu liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni, frá og með föstudeginum 13. febrúar 2015 með athugasemdarfresti til og með föstudeginum 27. mars 2015. Þá eru upplýsingar og aðgengilegar á heimasíðu Skútustaðahrepps: <http://www.myv.is/Skipulagsauglýsingar>. (Hnappur á forsiðu)

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 27. mars 2015. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni og/eða í tölvupósti á netfangið: bjarni@thingeyjarsveit.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar innan tilskilins frests teljast þeim samþykkir.

Bjarni Reykjalín,
skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps